



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 22. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 3. FUNDUR ÁRSINS

### VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. MARS 2016

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 3. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Lagoon Hotels ehf: Kynning.
2. Samningur um leigu fjallaskála Hrunamannahrepps.
3. Samningur um leigu gangnamannahúss við Heiðará.
4. Reiðvegur við Hvammsveg.
5. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna beiðni um rekstarleyfi fyrir Heiðarbyggð B-4.
6. Forkaupsréttur vegna Ásabyggðar 21.
7. Forkaupsréttur vegna Ásabyggðar 31.
8. Kosning í 17. júní nefnd.
9. Kosning ruslamálaráðherra.
10. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um embætti umboðsmanns aldraðra.
11. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (skilyrði fjárhagsaðstoðar).
12. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um notkun gúmmíkurls úr dekkjum á leik- og íþróttavelli.
13. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (uppbyggingu ferðamannastaða).
14. Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).
15. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi.
16. Landbótaáætlun fyrir Hrunamannaafrétt 2016-2026.
17. Ráðning leikskólastjóra.
18. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps: Kynningarferli.  
-Gögn liggja frammi á fundinum-
19. Endurnýjun yfirdráttarheimildar.
20. Skipun fulltrúa í stjórn Kerlingarfjallavina.
21. Háskóli Íslands: Íþróttafraeðisetrið á Laugarvatni.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

22. Skólanefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 25. febrúar s.l.
23. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 1. fundar ráðsins frá 18. febrúar s.l.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

24. Fundargerð 104. fundar Skipulagsnefndar frá 11. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 3. febrúar s.l.  
Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
25. Fundargerð 105. fundar Skipulagsnefndar frá 25. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 17. febrúar s.l.  
Mál nr. 8: Hvítárdalur. Stofnun lóðar.  
Mál nr. 25: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
26. Oddvitafundur Laugaráshéraðs: Fundargerð oddvitafundar frá 22. febrúar s.l.
27. Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.: Fundargerð 33. stjórnarfundar frá 25. febrúar s.l.

### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 169. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 22. janúar s.l.
- b. SASS: Fundargerð 504. fundar stjórnar frá 15. janúar s.l.
- c. SASS: Fundargerð 505. fundar stjórnar frá 5. febrúar s.l.
- d. BÁ: Fundargerð 1. fundar stjórnar BÁ frá 22. janúar s.l.

### **Kynningarmál:**

- e. Veraldarvinir: Sjálfboðaliðar.
- f. Lánasjóður Sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn LS.
- g. Uppgjör Skóla- og Velferðarþjónustu 2015.
- h. Vegagerðin: Staðfesting á móttöku styrkumsóknar.
- i. Samband íslenskra sveitarfélaga: „Fritíminn er okkar fag“
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um drög að reglugerð um framlög í málaflökki fatlaðs fólks 2016.
- k. Umboðsmaður barna: Áskorun um að hlífa börnum við niðurskurði.
- l. Tæknisvið Uppsveita: Seyruhótel uppgjör 2015.
- m. Tæknisvið Uppsveita: Uppgjör 2015.
- n. Heimili og skóli: Ályktun stjórnar Heimilis og skóla um niðurskurð í leik- og grunnskólum landsins.
- o. SASS: Nýtt skipulag SASS og verkefnið Ísland ljóstengt.
- p. Fura: Yfirlit.
- q. EBÍ: Styrktarsjóður EBÍ 2016.

### **Fundir framundan:**

- r. Aðalfundur Kerlingarfjallavina 3. mars. nk.
- s. Samband íslenskra sveitarfélaga: Málþing um jafnrétti í sveitarfélögum 31. mars nk.

### **Gengið til dagskrár:**

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. **Lagoon Hotels ehf: Kynning.**  
Á fundinn mæta þeir Björn Þór Kristjánsson og Stefán Þórisson frá Lagoon Hotels ehf með kynningu á uppbyggingu hótels á Flúðum. Sveitarstjórn þakkar fyrir afar áhugaverða kynningu.
2. **Samningur um leigu fjallaskála Hrunamannahrepps.**  
Oddviti kynnti samning um leigu fjallaskála Hrunamannahrepps til Kristínar E. Ingimarsdóttur og Styrmis Þ. Þorsteinssonar. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
3. **Samningur um leigu gangnamannahúss við Heiðará.**  
Oddviti kynnti samning við Secret Local Adventures ehf um uppbyggingu og aðgang að gömlu gangnamannahúsi við Heiðará vegna þjónustu við ferðamenn. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
4. **Reiðvegur við Hvammsveg.**  
Oddviti kynnti bréf vegna legu reiðvegar við Hvammsveg. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til vinnu við gerð deiliskipulags í Gröf.
5. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna beiðni um rekstarleyfi fyrir Heiðarbyggð B-4.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna rekstrarleyfis gististaðar í flokki II í sumarhúsi að Heiðarbyggð B-4. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti ofangreinda beiðni um rekstarleyfi.
6. **Forkaupsréttur vegna Ásabyggðar 21.**  
Oddviti kynnti beiðni frá Önnu Birnu Þráinsdóttur að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 21 skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 21 í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4127 skv. eignayfirlýsingu í eignina.
7. **Forkaupsréttur vegna Ásabyggðar 31.**  
Oddviti kynnti beiðni frá fasteignasölnunni Árborgum að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 31 skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 31 í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4139, skv. samþykktu tilboði í eignina, dags. 12. febrúar s.l.

8. **Kosning í 17. júní nefnd.**  
Oddviti lagði til að Sigurður Sigurjónsson verði skipaður í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt.
9. **Kosning ruslamálaráðherra.**  
Oddviti lagði til að Kolbrún Haraldsdóttir verði skipuð sem ruslamálaráðherra 2016 og var það samþykkt.
10. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um embætti umboðsmanns aldraðra.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um embætti umboðsmanns aldraðra.
11. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (skilyrði fjárhagsaðstoðar).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga um skilyrðingu fjárhagsaðstoðar. Sveitarstjórn styður frumvarpið.
12. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um notkun gúmmíkurlis úr dekkjum á leik- og íþróttavelli.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um notkun gúmmíkurlis úr dekkjum á leik- og íþróttavelli. Sveitarstjórn gerir ekki lítið úr því að æskilegt sé að skipt sé út gúmmíkurlum í hentugri efni á gervigrasvöllum landsins. Hins vegar er ekki raunhæft að hægt sé að skipta út öllu gúmmíkurlum á gervigrasvöllum á landinu á árinu 2016.
13. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (uppbyggingu ferðamannastaða).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (uppbyggingu ferðamannastaða).
14. **Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn). Sveitarstjórn styður frumvarpið.
15. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um uppbyggingu áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi.
16. **Landbótaáætlun fyrir Hrunamannafrétt 2016-2026.**  
Oddviti kynnti landbótaáætlun fyrir Hrunamannafrétt 2016-2026 sem unnin var af hálfu Landgræðslufélags Hrunamanna. Sveitarstjórn þakkar Landgræðslufélaginu fyrir góða vinnu.
17. **Ráðning leikskólastjóra.**  
Oddviti fór yfir umsókn um starf leikskólastjóra í leikskólanum Undralandi á Flúðum, yfirlit frá Hrafnhildi Karlsdóttur í Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og niðurstöðu skólanefndar Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir að ráða Ingibjörgu Bjarneyju Baldursdóttur í starf leikskólastjóra frá og með 1. apríl n.k. og felur sveitarstjóra að ganga frá ráðningarsamningi.
18. **Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps: Kynningarferli.**  
Drög að tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps voru kynnt á íbúafundi sem haldinn var í félagsheimilinu á Flúðum 1. febrúar sl. Á fundinum bárust ýmsar athugasemdir og ábendingar auk þess sem haft hefur verið samráð við einstaka hagsmunaaðila á svæðinu í tengslum við ákveðna þætti aðalskipulagsins. Í kjölfar þessa hafa verið gerðar ýmsar breytingar og lagfæringar á gögnum aðalskipulagsins sem hér eru lögð fram til afgreiðslu. Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að kynna áætlunina skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.
19. **Endurnýjun yfirdráttarheimildar.**  
Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Arionbanka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000 sem rennur út í lok mars mánaðar verði framlengd og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárpörf sveitarfélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.

**20. Skipun fulltrúa í stjórn Kerlingarfjallavina.**

Oddviti lagði fram tillögu að Kolbrún Haraldsdóttir verði tilnefnd sem fulltrúi Hrunamannahrepps í stjórn Kerlingarfjallavina og til vara Gunnar Kr. Eiríksson.

**21. Háskóli Íslands: Íþróttafraeðisetrið á Laugarvatni.**

Oddviti fór yfir þá stöðu sem komin er upp vegna þeirrar ákvörðunar Háskóla Íslands að færa grunnnám í íþrótt- og heilsufræði frá Íþróttafraeðasetrinu á Laugarvatni til Reykjavíkur

Sveitarstjórn mótmælir þessari ákvörðun og telur að með henni sé Háskóli Íslands að bregðast því trausti að vera kallaður háskóli allra landsmanna. Háskólinn er ekki eingöngu að taka ákvörðun sem snýst um menntapólitík heldur einnig gengisfellingu á háskólamenntun á landsbyggðinni. Hann tekur sér einnig það hlutverk að taka afstöðu til byggðapólitíkur um að flytja sérhæfð störf frá landsbyggðinni til Reykjavíkur sem ætti í raun að vera í höndum Alþingis og ráðherra menntamála.

Samfélagið í Uppsveitum ber ekki ábyrgð á því að HÍ hafi klúðrað að markaðsetja og auka fjölbreyttni í námi í íþróttafraeðum á Laugarvatni. Ekki verður séð að HÍ hafi gert neina greiningu á því hvaða samfélagslegu áhrif þessi ákvörðun hefur. Krafist er að fram fari rannsókn og greining þar sem skoðuð verða áhrif ákvörðunarinnar á byggðina á Laugarvatni, Menntaskólann á Laugarvatni, íþróttahreyfinguna í Uppsveitum, æskulýðsstarfssemi o.fl. sem þessi starfssemi hefur í för með sér. Þá sé einnig gerð grein fyrir þeim kostnaðarauka sem nemendur HÍ bera vegna aukins húsnæðiskostnaður í Reykjavík í stað Laugarvatns. Ekki verður séð miðað við stöðu mála að HÍ geti lofað nemendum af landsbyggðinni íbúðum í stúdentagörðum í Reykjavík.

Sveitarstjórn skorar því á HÍ að láta leggja mat á hvaða áhrif þessi ákvörðun hefur á samfélagið á Laugarvatni, Uppsveitum Árnessýslu og Suðurlandi öllu og í kjölfarið verði tekin endurákvörðun í málinu.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**22. Skólanefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 25. febrúar s.l.**

Oddviti kynntu fundargerð 9. fundar skólanefndar vegna Undralands þar er farið yfir ráðningu nýs leikskólastjóra og lagt til að Ingibjörg B. Baldursdóttir verði ráðin. Farið var yfir starfsmannamál og lagt til að stofnaður verði þriggja manna starfshópur með leikskólastjóra, fulltrúa skólanefndar og sveitarstjórnar til að skerpa á starfsmannahandbók leikskólans og verklagsreglum er lúta að bættu skipulagi innra starfs og fleira. Þá var farið yfir skýrslu leikskólastjóra. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina, að skipaður verði starfshópur vegna skipulags á innra starfi leikskólans og skipar Bjarneyju Vignisdóttur sem fulltrúa sveitarstjórnar.

**23. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 1. fundar ráðsins frá 18. febrúar s.l.**

Oddviti kynntu fundargerð 1. fundar ungmennaráðs. Á fundinum fór sveitarstjóri yfir erindisbréf ungmennaráðs. Sveitarstjórn sem mætti á fundinn hvatti ungmennaráðið til að taka afstöðu til sem flestra mála og að þau séu rödd unga fólksins í sveitarfélaginu. Kosinn var formaður Rúnar Guðjónsson, Sigríður Helga Steingrímsdóttir varaformaður og Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir ritari. Ráðið ræddi um verð í sund á Flúðum, vöntun á námsráðgjafa í Flúðaskóla og nýtt einkunnakerfi sem er þar að taka gildi. Rætt var um nauðsyn þess að allir starfsmenn sveitarfélagsins fari á skyndihjálparnámskeið og forgangsroðun á innkaupum húsgagna í Flúðaskóla. Sveitarstjórn óskar ungmennaráði til hamingju með fyrsta fund ráðsins og vísar þeim málum sem þau vekja athygli á til viðeigandi stofnana sveitarfélagsins og vinnu sveitarstjórnar við gjaldskrárgerð.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

**24. Fundargerð 104. fundar Skipulagsnefndar frá 11. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 3. febrúar s.l.**

Oddviti kynntu fundargerð 104. fundar skipulagsnefndar frá 11. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 3. febrúar s.l

**25. Fundargerð 105. fundar Skipulagsnefndar frá 25. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 17. febrúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 105. fundar skipulagsnefndar frá 25. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 8: Hvítárdalur. Stofnun lóðar.

Lögð var fram umsókn eigenda Hvítárdals þar sem óskað er eftir að jörðinni verði skipt í tvær sjálfstæðar eignir, 98,6 ha spildu sem fái nafnið Hvítárdalur 2 og eftir verði 9,1 ha utan um núverandi bæjartorfu skv. meðfylgjandi lóðablaði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar um stofnun lóðarinnar Hvítárdals 2 með fyrirvara um samþykki vegagerðarinnar á tengingu við þjóðveg, að stærð landsins miði við þurrlendið og samþykki aðliggjandi landeiganda á hnitsetningu jarðarmarka. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 25: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 17. febrúar s.l.

**26. Oddvitafundur Laugaráshéraðs: Fundargerð oddvitafundar frá 22. febrúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitafundar Laugaráshéraðs frá 22. febrúar s.l. Þar kynnti Ásborg Arnórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita helstu kennitölur ferðamála í uppsveitunum og bar saman við stefnumörkun sem unnin var í upphafi. Samþykkt var að greiða úr sjóðum Laugaráshéraðs 2.000.000 kr. til kaupa á hljóðkerfi og sjónvarpsskjá í Skálholt. Farið var yfir stöðu mála á Laugarvatni eftir að háskólaráð ákvað að leggja niður nám á íþróttافرæðibraut. Samþykkt var að hafna erindi frá N4 um áframhaldandi samstarf að sinni.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þakkar Ásborgu fyrir góð störf og greinargóða skýrslu um ferðaþjónustuna í Uppsveitum á árinu 2015.

**27. Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.: Fundargerð 33. stjórnarfundar frá 25. febrúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 33. fundar stórnar frá 25. febrúar s.l. Lögð voru fram drög að nýrri samþykkt fyrir byggðasamlagið. Framkvæmdastjóri kynnti uppgjör fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015 og endurútreikning á kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna. Farið var yfir stöðu mála varðandi auglýsingar um störf hjá embættinu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 169. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 22. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. SASS: Fundargerð 504. fundar stjórnar frá 15. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. SASS: Fundargerð 505. fundar stjórnar frá 5. febrúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. BÁ: Fundargerð 1. fundar stjórnar BÁ frá 22. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- e. Veraldarvinir: Sjálfboðaliðar.** Lagt fram til kynningar.
- f. Lánasjóður Sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn LS.** Lagt fram til kynningar.
- g. Uppgjör Skóla- og Velferðarþjónustu 2015.** Lagt fram til kynningar.
- h. Vegagerðin: Staðfesting á móttöku styrkumsóknar.** Lagt fram til kynningar.
- i. Samband íslenskra sveitarfélaga: „Fritíminn er okkar fag“** Lagt fram til kynningar.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um drög að reglugerð um framlög í málaflokki fatlaðs fólks 2016.** Lagt fram til kynningar.
- k. Umboðsmaður barna: Áskorun um að hlífa börnum við niðurskurði.** Lagt fram til kynningar.
- l. Tæknisvið Uppsveita: Seyruhótel uppgjör 2015.** Lagt fram til kynningar.
- m. Tæknisvið Uppsveita: Uppgjör 2015.** Lagt fram til kynningar.
- n. Heimili og skóli: Ályktun stjórnar Heimilis og skóla um niðurskurð í leik- og grunnskólum landsins.** Lagt fram til kynningar.
- o. SASS: Nýtt skipulag SASS og verkefnið Ísland ljóstengt.** Lagt fram til kynningar.

**p. Fura: Yfirlit.** Lagt fram til kynningar.

**q. EBÍ: Styrktarsjóður EBÍ 2016.** Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

**r. Aðalfundur Kerlingarfjallavina 3. mars. nk.** Lagt fram til kynningar.

**s. Samband íslenskra sveitarfélaga: Málþing um jafnrétti í sveitarfélögum 31. mars nk.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:15.